

## STARFSÁÆTLUN ÆSKULÝÐSSAMBANDS ÞJÓÐKIRKJUNNAR FYRIR ÁRIÐ 2017

### NÁMSKEIÐ

**Námskeið fyrir ungleiðtoga** verður haldið á Löngumýri í 11- 12. mars í samstarfi við Döllu Þórðardóttur prófast. Guðjón Andri Reynisson, kennir námskeiðið.

**Haustnámskeið ÆSKP og ÆSKR** verður haldið í Reykjavík en framkvæmdin verður með svipuðu sniði og í fyrra. Sú breyting varð þá á haustnámskeiðum kirkjunnar að Biskupsstofa dróg sig út úr framkvæmdinni og setti það í hendur ÆSKP og ÆSKR að skipuleggja þessi námskeið á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum tryggja aðgengi fleirri að námskeiðinu og munum leitast leiða við að bjóða upp á fyrirlestrana í haust í gengunum fjarfundarbúnað, svo allir geti tekið þátt óháð búsetu eða kröfu um ferðalög.

Stefnt er að því að bjóða aftur upp á **Grunnnámskeið** fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi, en námskeiðið var felld niður á síðasta ári vegna ónógrar þátttöku.

**Verndum þau**, námskeið verður haldið á austurlandi á starfsárinu, en námskeiðið hefur flakkað á milli landshluta og nú er komið að austurlandi.

### FARSKÓLI LEIÐTOGAEFNA

Farskóli leiðtogaefna er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Í ár eru 25 nemendur af höfuðborgarsvæðinu og frá Selfossi. Stefnt er að útskrift úr Farskóla leiðtogaefna 13. mars næst komandi. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKR og Biskupsstofu. Skólustjóri er Jónína Sif Eypórsdóttir. Áætlað er að Farskólinn hefjist síðan á ný á haustmánuðum.

### EASTER COURSE

Í ár verður Easter Course haldið af European Fellowship í Danmörku vikuna 9.-16. apríl nk. Easter course er skemmtileg blanda af sumarbúðum, leiðtogaþjálfun og ferðalagi fyrir ungt fólk í kristilegu starfi á aldrinum 18-25 ára. Þátttakendur koma víðsvegar að úr Evrópu. Margrét Arnardóttir, æskulýðsleiðtogi á Selfossi er einn af skipuleggjendum námskeiðisins.

### KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Verkefnastjórar í ár verða Ása

Laufey Sæmundsdóttir og Kristján Ágúst Kjartansson. Kirkjuþingið mun fara fram 20 maí.

### **GLEÐIGANGAN**

ÆSKP stefnir að því að taka þátt í gleðigöngunni fjórða árið í röð. Hjalti Jón Sverrisson mun leiða verkefnið fyrir hönd ÆSKP. Gleðigangan fer fram 12. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í viðburðinum.

### **LANDSMÓT**

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Landmót verður að þessu sinni haldið á Selfossi dagana 20-22 október. Þema mótsins er umhverfisvitund og ábyrgð einstaklingsins á verndun sköpunarverksins. Ása Laufey Sæmundsdóttir verður Landsmótsstjóri að þessu sinni.